

Rektor setti fund kl. 9.10.

Mættir voru auk hans:

Baldur Örn Guðnason fulltrúi menntamálaráðuneytis
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir varafulltrúi menntamálaráðuneytis
Steinþór Þorsteinsson varafulltrúi nemenda
Svanfríður Inga Jónasdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Ingveldur Tryggvadóttir ritari fundarins
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Daniel Freyr Jónsson verkefnisstjóri prófa og fjarkennslu
Steinunn Aðalbjarnardóttir forstöðumaður kennslusviðs

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerðir 278. og 279. fundar

0903044 og 0903045

Fundargerðirnar voru bornar upp og samþykktar.

2. Tilnefning háskólaráðs í embætti rektors

0901004

Rektor greindi frá háskólafundi þann 26. maí þar sem Stefán B. Sigurðsson, umsækjandi um embætti rektors, kynnti sig og framtíðarsýn sína fyrir Háskólann á Akureyri. Á háskólafundinum var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að mæla með að Stefán yrði tilnefndur næsti rektor Háskólans á Akureyri. Háskólaráð samþykkti einróma að tilnefna Stefán B. Sigurðsson í embætti rektors Háskólans á Akureyri til fimm ára frá og með 1. júlí nk. að telja. Rektor mun útbúa erindi þess efnis til menntamálaráðherra.

3. Rekstraryfirlit janúar - apríl

0901015

Úlfar dreifði yfirliti og skýrði út einstaka liði. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 435.650 mkr. eða 32,19% af áætlun ársins. Kostnaður vegna ýmissa annarra verkefna er 36.444 mkr. eða 32,80% af áætlun ársins. Rekstur tölvukerfa er hlutfallslega hár vegna leyfisgjalda sem eru greidd á fyrri hluta árs.

Launaútgjöld eru innan marka og staða stofnana og setra eru á áætlun.

Úlfar lýsti yfir áhyggjum af gengisþróun og að liðir vegna erlendra gjalda gætu farið fram úr áætlun.

4. Ársskýrsla siðanefndar

0905046

Tekin var fyrir ársskýrsla siðanefndar fyrir árin 2007-2009. Siðanefnd gerði tillögu að breytingu á 6. gr. Reglna um viðurlög við ritstuldi. Háskólaráð tók vel í tillöguna en gerði tillögu að viðbótum við liði 1 og 4 og hljóði þeir á þessa leið:

1. Við Háskólann á Akureyri skal starfrækt *siðanefnd* sem fjallar um kærur vegna meintra tilvika um ritstuld, en í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar úr hópi fastráðinna kennara og *einn fulltrúi nemenda tilnefndur af FSHA*.
4. Þrjá fulltrúa þarf að lágmarki til að siðanefnd geti tekið ákvörðun í máli og ræður afl atkvæða lyktum máls, *ef atkvæði falla jöfn þá ræður atkvæði formanns*, en að öðru leiti gilda reglur VIII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

5. Námsmatsreglur

0806075

Daníel Freyr Jónsson verkefnastjóri prófa og fjarkennslu kom inn á fund undir þessum lið og fór yfir endurskoðaðar námsmatsreglur. Nokkrar umræður spunnust um liði sem varða birtingu prófa í Hlöðunni og kennsluáætlanir. Fulltrúi nemenda gagnrýndi reglurnar fyrir að vera ekki nægilega skýrar og vildi sjá lagfæringar þar á áður en þær yrðu staðfestar.

Rektor lagði til að skipaður yrði undirhópur háskólaráðs sem fjallaði um reglurnar. Hópurinn skilaði svo álitu sínu á næsta háskólaráðsfundi. Þetta var samþykkt og skipaði háskólaráð Helgu Hlín, Steinþór, Þórodd og Daníel Frey í hópinn. Þóroddur mun kalla hópinn saman til fyrsta fundar.

Daníel Freyr vék af fundi.

6. Sumarnám

0903087

Steinunn Aðalbjarnardóttir kom inn á fund undir þessum lið og fór yfir skráningu námskeiða í sumarnáminu. Í máli hennar kom fram að hug- og félagsvísindadeild byði upp á 10 námskeið í júní og viðskipta- og raunvísindadeild byði upp á 15 námskeið í 3 lotum í fjarnámi. Alls voru 142 nemendur með 266 skráningar í námskeið og að auki voru 28 skráningar í námskeið við HÍ. 3 námskeið féllu niður vegna ónógrar þátttöku. 10 skráningar á námskeið komu frá nemendum í HÍ. Allir þessir nemendur eru í hlutanámi.

Steinunn vék af fundi.

7. Samstarfssamningur HA og Þekkingarseturs Vestmannaeyja

0905017

Lagður var fram samningur við Þekkingarsetur Vestmannaeyja um samstarf á sviði sjávarútvegs dags. 8. maí 2009. Háskólaráð staðfesti samninginn.

8. Erindi um endurskoðaða jafnréttisáætlun HA

0803066

Lagt var fram erindi frá jafnréttisráði þar sem óskað er eftir því að háskólaráð taki fyrir drög að nýrri jafnréttisáætlun og gefi út gilt umboð fyrir ráðið. Rektor upplýsti að fyrir lægi að taka fyrir drög að endurskoðaðri jafnréttisáætlun HA á næsta fundi háskólaráðs.

9. Stigamat vegna Þóris Sigurðssonar

0806058

Úlfar lagði fram minnisblað og afrit af undirrituðu samkomulagi um útfærslu á E lið stigamats í samstarfsnefnd HA og FHA dags. 18. febrúar 2004. Fór hann yfir hvernig liður E er útfærður þannig að hann hefur eingöngu áhrif á frumröðun í launaflokk.

Háskólaráð hafnar erindinu með vísun í minnisblað.

10. Önnur mál

Rektor sagði frá úttektum á háskóla- og vísindakerfinu sem unnar voru á vegum menntamálaráðuneytisins og er að finna á vef menntamálaráðuneytis. Þar er m.a. að finna hugmyndir um að fækka háskólum hér á landi í tvo annars vegar undir Háskóla Íslands og hins vegar undir Háskólanum í Reykjavík.

Háskólaráð samþykkti að rektor og Þóroddur semdu ályktun vegna úttektanna og sendu frá sér að loknum fundi að fengnu samþykki annarra fulltrúa í ráðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40.